



Alþingi
Erindi nr. P 132/1845

Til: Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík komudagur 26.4.2006
b.t. Selmu Hafliðadóttur (selmah@althingi.is)

Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda (þingskjal 1049).

Breyting á 2. mgr., 4. gr.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá leggur ríka áherslu á að eftirfarandi málsliði sé bætt aftan við 1. málslið í 2. mgr. í 4.gr.:


Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins skal skila inn til Landbúnaðarháskóla Íslands upplýsingum um bókhald gróðurhúsalofttegunda vegna skóglenda og skógræktar.

Greinargerð:

Allt frá árinu 1997 hefur Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins (RSr) sinnt bókhaldi gróðurhúsalofttegunda vegna skóglenda og skógræktar. Þessu hlutverki hefur RSr sinnt bæði af eigin frumkvæði og skv. beiðni frá Landbúnaðarráðuneyti. Í fyrstu var lögð megináhersla á rannsóknir á kolefnisbindingu sem skýrt gætu kolefnisbúskap og auðveldað öflun gagna. Í framhaldi af beiðni Landbúnaðarráðuneytisins um ábyrgð og skyldur Skógræktar ríkisins varðandi upplýsingagjöf um bókhald gróðurhúsalofttegunda skóglenda og skógræktar var árið 2001 ákveðið að stofna til verkefnisins „Íslensk skógarúttekt“ hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins. Íslensk skógarúttekt gerir úttekt á ræktuðum sem náttúrulegum skógum á Íslandi með það að meginmarkmiði að fylgjast með breytingum á kolefnisforða þeirra. Úttektirnar eru unnar á hlutlægum og vísindalegum hátt í samræmi við leiðbeiningar þar um frá skrifstofu Rammasamnings Sameinuðu Þjóðanna um loftslagsbreytingar og standast alþjóðlegar kröfur.

Miðað við þá ábyrgð og skyldur sem Skógrækt ríkisins hefur undirgengist og þá miklu vinnu sem RSr leggur í rannsóknir og skráningu upplýsinga um losun og bindingu í skóglendum og með skógrækt, er eðlilegt að hlutverk RSr sé skýrt í lögunum. Hér er ekki um að ræða breytingu á fyrirkomulagi skráningar kolefnisbókhalds í skóglendum og skógrækt, heldur er lagt til að lögin endurspegli núverandi fyrirkomulag sem full sátt hefur verið um.

Virðingarfyllst,


Aðalsteinn Sigurgeirsson
forstöðumaður Mógilsá